



Egilsstöðum 18. nóv. 1994

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 216

komudagur 23 / 11. 1994

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Ágústu Lárusdóttur,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um héraðsdómstól í skatta- og bókhaldsmálum.

Af athugasemdum með frumvarpinu verður ráðið að það sé einn liður af mörgum í viðleitni til að taka "... upp nýjar aðferðir til að takast á við skattsvik." Undirritaðir telja frumvarp um sérstakan dómstól ekki réttu leiðina til þessa markmiðs. Er þá hafður í huga sá kostnaður sem yrði samfara stofnun sérstaks dómstóls og það að héraðsdómstólarnir verða að teljast í stakk búnir til að takast á við þessi mál. Meðferð opinberra mála taka nú skamman tíma í meðförum héraðsdómstóla svo ekki verður séð að sérstakur dómstóll leiddi til aukinnar skilvirkni á þessu sviði. Í athugasemdum með frumvarpinu segir hins vegar að algengt sé að "... mál fyrir dómstólum taki 2-3 ár." Samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytis, er kynntar voru á dómarsþingi fyrir í þessum mánuði, er afgreiðslutími opinberra mála fyrir héraðsdómi nú að meðaltali um sex mánuðir og til undantekninga heyrir ef afgreiðsla máls tekur lengur en eitt ár.


Þessu til viðbótar má nefna að óumdeilt er að stefna löggjafans á undanförunum árum hefur verið sú að fækka sérdómstólunum. Rökin eru augljós og verða ekki tífundó hér. (Rétt þykir þó að nefna í því sambandi og með hliðsjón af 3. gr. frumvarpsins að héraðsdómarar kalla á sérfræðinga til setu í dómi í málum sem þeim er frumvarpið tekur til.) Frumvarp um sérstakan skattadómstól gengur þvert á þessa stefnu löggjafans og því vert að það atriðið eitt fái rækilega umfjöllun.


Því hagræði sem felst í því að hafa héraðsdómstóla í hverju kjördæmi verður að teljast fyrir borð borið nái frumvarpið fram að ganga. Í málum af þessu tagi þyrftu þá t.d. ákærðu og vitni að ferðast til Reykjavíkur vegna málsmeðferðarinnar eða þá dómarar út á land, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins, og þá með tilheyrandi kostnaði. Þetta kemur einnig glöggt fram í framkvæmd ef mál varðar aðila á landsbyggðinni og beita þarf aðgerðum þeim sem 6. gr. frumvarpsins fjallar um.

Þá þykir undirrituðum frumvarpið ekki nægilega skýrt um suma hluti en mögulegt er þó að ef önnur frumvörp taka á rannsóknum og saksókn vegna þessara brota að þessir þættir yrðu skýrari. Sem dæmi um þetta má nefna að 5. gr. frumvarpsins kveður á um að mál sem sæta rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins skuli rekin fyrir dóminum. Ekki er ljóst af frumvarpinu hvort mögulegt verði að mál sem sæta lögreglurannsókn geti verið rekin fyrir dóminum en telja verður að t.d. brot á lögum um bókhald geti verið rannskakað af lögreglu án þess að skattrannsóknarstjóri kæmi þar nærri. Þá er æskilegt að kveðið yrði skýrar á um saksókn í málaflokkinum, hvaða mál ættu að sæta “refsimeðferð” yfirskattanefndar og hvaða mál ættu að fara til dómstóla.

Þá telja undirritaðir 7. gr. frumvarpsins ómarkvissa. Telja verður að áður en mál kemur til meðferðar dómsins ætti ríkissaksóknara að vera ljóst hvort “ætla megi að sökunautur hafi gerst sekur um aðra refsiverða háttsemi” þ.e. áður en ákæra er gefin út. Þá virðist sem með greininni sé gengið á svig við grundvallarreglu réttarfars um milliliðalaus málsmeðferð þ.e. þegar tekið er fram að fyrri athafnir hins sérstaka dómstóls skuli halda gildi sínu ef málinu yrði vísað til almenns héraðsdómstóls.

Sem lokaorð þessarar stuttu umsagnar vilja undirritaðir lýsa þeirri skoðun sinni að frumvarpshöfundar ættu frekar að huga að rannsóknarþættinum og saksókn vegna þessa málaflokks, telja verður að sérstakur héraðsdómur í skatta- og bókhaldsmálum muni ekki skila því sem frumvarpshöfundar ætlast til. Þá þykir mega geta þess að það vakti nokkra furðu undirritaðra að af bréfi allsherjarnefndar verður ráðið að frumvarpið hafi ekki verið sent ríkissaksóknaraembættinu eða rannsóknarlögreglu ríkisins til umsagnar. Eins og kunnugt er hafa þessi embætti með höndum undirbúning dómsmeðferðar þeirra mála sem frumvarpið tekur á og reka þau fyrir dómi bæði eftir útgáfu ákæru og við rannsókn sbr. 6. gr. frumvarpsins. Undirritaðir hefðu því talið eðlilegt að löggjafinn kynnti sér viðhorf starfsmanna þessara stofnana.


Ólafur Þorkur Þorvaldsson,
héraðsdómari.


Bernhard Bogason,
dómarafulltrúi.

